

Öðruvísi Jóladagatal

 -Sælla er að gefa en þiggja



**SOS
BARNAPÖRPIN**
Öll börn vilja gott heimili

Ekkert barn á að alast upp eitt

Öll börn eiga rétt á umönnun og vernd. Ekkert barn á að þurfa að alast upp eitt. En þrátt fyrir það hefur 1 af hverjum 10 börnum í heiminum misst foreldraumsjón eða á á hættu að missa hana. Það eru 220 milljónir barna. Börn án foreldraumsjónar eiga ekki mikla möguleika á öruggu uppeldi, menntun, heilbrigðisþjónustu eða að komast út úr vítahring fátæktar. Þegar barn missir ummönun foreldra hefur það alvarlegar afleiðingar fyrir barnið sjálft og samfélagið.

Í Öðruvísi jóladagatali munu nemendur víðs vegar um landið taka höndum saman til að veita viðkvæmustu börnunum umönnun, vernd og öruggt heimili. Í ár bjóðum við grunnskólabörnum á Íslandi að taka þátt í jóladagatalinu sjötta árið í röð.

Um SOS Barnaþorpin

SOS Barnaþorpin eru alþjóðleg hjálparsamtök sem vinna að því markmiði að börn fái að alast upp við góða umönnun hjá stöðugri fjölskyldu. Við störfum víðs vegar um heiminn, í 136 löndum. Svona vinnum við:

1. **Fyrirbyggjandi:** Fjölskyldueflingarverkefnið okkar styður við barnafjölskyldur í erfiðum aðstæðum svo þær geti annast börnin sín.
2. **Nýtt heimili:** Við tryggjum að börn sem eru ein fái öruggt heimili í SOS fjölskyldu eða annarri fósturfjölskyldu. Þetta á við um börn sem eru munaðarlaus, yfirgefin eða eiga fjölskyldu sem þrátt fyrir stuðning geta ekki veitt fullnægjandi umönnun.
3. **Við styrkjum samfélagið:** SOS Barnaþorpin vinna víða um heim að því að koma á góðum skilyrðum og góðri löggjöf fyrir börn. Við stuðlum að því að börn fái að alast upp með systkinum sínum og vinnum gegn fordómum og mismunun barna sem hafa misst fjölskyldur sínar. Í baráttunni fyrir réttindum barna eru SOS Barnaþorpin skýr rödd.

Gagnlegar upplýsingar um dagatalið

Á hverjum skóladegi dagana 1.-17. desember opna nemendur nýjan glugga í jóladagatalinu. Gluggana er hægt að opna beint af heimasíðu SOS Barnaþorpanna: <https://www.sos.is/joladagatal/>. Hver gluggi hefur að geyma stutt myndband þar sem nemendurnir fá að kynnst börnum frá öðrum löndum. Í ár ætlum við m.a. að heimsækja Víetnam, Indland, Bosníu-Hersegóvínu, Perú, Nepal og Bólivíu. Vegna fjölda fyrirspurna ætlum við að bæta við gluggum og hægt verður að opna glugga alla daga fram að jólum.

Í þessu hefti má finna kynningar á gluggum dagatalsins, spurningar til að vekja umræður um viðfangsefni dagsins og stafarugl jóladagatalsins. Í lok hvers myndbands þurfa nemendurnir að svara spurningu þar sem svarið gefur þeim einn eða fleiri bókstafi. Krakkarnir raða bókstöfunum á ákveðna staði í stafaruglinu (aftast í þessu hefti) til að finna lausnarorðið í ár. Kennarar senda svo inn svör úr stafaruglinu á hjordis@sos.is fyrir hönd bekkjarins í síðasta lagi fimmtudaginn 16. desember. **Dregið verður úr réttum svörum föstudaginn 17. desember.**

Heimasíðan og efnið í ár

Allt efni sem nota þarf fyrir Öðruvísi jóladagatal er að finna á heimasíðu SOS Barnaþorpanna á: <https://www.sos.is/joladagatal/>. Þar má finna allar helstu upplýsingar um dagatalið, bréf til foreldra (á íslensku, ensku og pólsku), umslög til að safna peningum í, kort af heiminum og gluggana sjálfa. Eingöngu er hægt að opna einn glugga í einu og mun fyrsti glugginn verða aðgengilegur **miðvikudaginn 1. desember**.

Sælla er að gefa en þiggja

Í stað þess að nemendur fái litla gjöf eða súkkulaðimola í dagatalinu geta þeir aðstoðað heima fyrir með létt verkefni fyrir jólin og fengið smá pening að launum frá foreldrum sínum. Þeir gætu til dæmis vaskað upp, bakað, mokað snjóinn eða þurrkað af. Kannski eru einhverjir nágrannar sem gætu þurft hjálp við að vinna einföld verkefni. Einnig má safna dósum eða halda tombólu. Á þennan hátt upplifa nemendurnir að þeir hafi sjálfir lagt eitthvað af mörkum, með eigin vinnuframlagi. Hver fjölskylda getur ákveðið hversu mikinn pening hún vill gefa og að sjálfsögðu er það undir hverri fjölskyldu komið hvort hún vilji styrkja verkefnið með peningaupphæð yfir höfuð. Margt smátt gerir eitt stórt ☺

Á þeim fimm árum sem jóladagatalið hefur verið í boði hafa grunnskólabörn á Íslandi safnað rúmum þremur milljónum króna fyrir börn sem búa við bágar aðstæður. Með þessum framlögum hafa börnin áhrif á tækifæri jafnaðra sinna til að blómstra.

Öll framlög sem safnast í ár fara í nýtt verkefni sem SOS Barnaþorpin á Íslandi eru að fara af stað með í Malaví. Verkefnið hjálpar sárafatækum barnafjölskyldum að standa á eigin fótum í gegnum fjölskyldueflingu SOS Barnaþorpanna. Tilgangurinn með fjölskyldueflingunni er að gera foreldrum kleift að mæta grunnþörfum barna sinna til að koma í veg fyrir aðskilnað barna og foreldra.

Söfnunin

Á heimasíðu SOS Barnaþorpanna, www.sos.is, má finna umslag sem hægt er að hlaða niður og prenta út. Umslögin eru svo afhent nemendunum sem taka þau með sér heim. Þegar nemandinn hefur fengið smá pening fyrir verkefni sem hann vann heima fyrir þá setur hann peninginn í umslagið, límir fyrir og skilar aftur í skólann. Þannig getur enginn séð hversu miklum pening hver og einn safnaði. Peningurinn er svo lagður inn á reikning verkefnisins 130-26-050028, kt. 500289-2529. Mikilvægt er að setja nafn skólans og bekkjarins í skýringu og senda kvittun á hjordis@sos.is.

1. desember



Babu

Við höfum mörg heyrt söguna af Palla sem var einn í heiminum. Hann vaknaði einn morguninn og enginn var til í heiminum nema hann. Hann gat gert allt sem hann langaði án þess að fá skammir fyrir. Hann komst þó fljótt að því að það er ekki gaman að vera aleinn og sem betur fer var þetta bara draumur.

Það er ekki eftirsóknarvert að vera aleinn í heiminum. Öll börn þarfnast umönnunar. Þess vegna segir í Barnasáttmálanum að börn sem njóti ekki umönnunar foreldra sinna eigi rétt á sérstakri vernd og aðstoð.

Í sumum heimshlutum er mjög hættulegt að vera barn, sérstaklega foreldralaust barn. Myndbandið sem við horfum á í dag segir frá Babu. Babu bjó á hættulegu svæði í dreifbýli Nepal. Þegar foreldrar hans dóu var hann einn eftir.

Umræðupunktur

- Hvernig haldið þið að Babu hafi liðið þegar hann var aleinn?
- Mennirnir sem tóku Babu ætluðu að selja hann. Hvað var það sem Babu gerði sem kom í veg fyrir það? (Babu hafði verið mjög hugrakkur, hann þorði að hrópa og kalla og búa til hávær hljóð svo aðrir myndu heyra í honum. Þess vegna vissi lögreglan að það væri ekki allt með felldu).
- Hvernig haldið þið að Babu líði í dag? Hvers vegna?



Stafarugl dagsins:

Hvað heitir strákurinn í myndbandinu?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 3

2. desember



Nýir strákar í barnaþorpið

SOS Barnaþorpin hafa allt frá seinni heimsstyrjöldinni hjálpað munaðarlausum börnum og börnum sem eiga engan að. Það besta fyrir börn er að alast upp hjá líffræðilegri fjölskyldu sinni. En það er ekki alltaf hægt.

Ef börn eiga ekki foreldra eða aðra líffræðilega ættingja sem geta hugsað um þau, þurfa þau nýtt heimili. Stundum eignast þau nýtt heimili í SOS Barnaþorpi og stundum, eins og á Íslandi, eignast þau fósturforeldra.

En þó það sé mjög gott að börnin fái að alast upp í traustri fjölskyldu við ást og umhyggju, þá er það ekki alltaf auðvelt í byrjun. Börnum sem eignast nýtt heimili í SOS Barnaþorpum líður eiginlega alltaf illa fyrstu dagana og vikurnar. Þau sakna foreldra sinna, fjölskyldu, vinanna og staðarins sem þau bjuggu á, þó svo að aðstæður hafi ekki endilega verið góðar. En þá er líka gott að þekkja einhvern sem veit hvernig það er að vera nýr og hvað maður er að ganga í gegnum.

Umræðupunktur

- Hvers vegna haldið þið að það sé erfitt að flytja á nýtt heimili?
- Af hverju haldið þið að strákarnir hafi verið leiðir?
- Gerði Tinh eitthvað sniðugt sem gladdi strákana?
- Hvers haldið þið að barn þarfnist mest þegar það kemur inn á nýtt heimili?
- Það getur líka verið erfitt að byrja í nýjum skóla, maður þekkir kannski engan. Hvernig getum við auðveldað þeim sem eru að koma á nýjan stað að aðlagast?



Stafarúgl dagsins:

Í hvaða landi býr Tinh?

Bókstafur 5 fer í reit nr. 5

3. desember



Pétur

Pétur er lífsglaður ungur strákur sem á heima á Balkanskaganum. Hann fæddist með heilkenni sem heitir Downs. Það þýðir að í stað þess að vera með tvo litninga nr. 21 í hverri frumu líkamans hefur hann þrjá. Foreldrar Péturs yfirgáfu hann þegar hann var lítill. Pétur bjó hjá mörgum mismunandi fósturfjölskyldum áður en hann eignaðist nýtt heimili í SOS Barnaþorpinu. Stundum var ekki hugsað vel um hann og réttindi hans voru ekki virt. Hann hafði t.d. mjög sjaldan fengið að leika sér úti eða fengið að taka þátt í frístundum.

Við fáum að fylgjast með Pétri á einum af fyrstu dögum hans í SOS Barnaþorpinu. Hann er nýfluttur inn og búinn að eignast SOS móður og systkini. Gleðin er mikil bæði hjá honum og fjölskyldu hans. Þarna upplifir hann loksins það sama og flest önnur börn, að tilheyra fjölskyldu, fá að þroskast og vera elskaður. Loksins á hann öruggt heimili sem hann fær að búa á til frambúðar.

Umræðupunktur

- Hvernig haldið þið að heimurinn væri ef allir væru nákvæmlega eins?
- Hvernig eigum við að koma fram við aðra?
- Eigum við að láta útlit annarra hafa áhrif á það hvernig við komum fram við þá?
- Pétur var smá smeykur við dýrin í myndbandinu. Eruð þið hrædd við hunda eða ketti?



Stafarugl dagsins:

Hvað heitir strákurinn í myndbandinu?
Bókstafur 2 fer í reit nr. 12

6. desember



Kartöflubaka

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna stendur að barnavinna sé bönnuð, það þýðir að það megi ekki láta börn vinna vinnu sem er hættuleg eða kemur í veg fyrir að börn fái að ganga í skóla. En að hjálpa til heima við, það er allt annað. Það er bæði löglegt og hollt, bæði fyrir fullorðna fólkið sem fær aðstoð og líka börnin sem leggja þá sitt af mörkum til heimilisins.

Við ætlum að heimsækja stelpu sem heitir Azra. Hún er níu ára og á heima í SOS Barnaþorpi í Bosnía. Azra finnst skemmtilegt að hjálpa til heima og þá sérstaklega þegar kemur að því að útbúa bosníska kartöfluböku sem er vel þekktur réttur í Bosnía. Azra fer líka stundum út í búð með eldri systur sinni til að kaupa í matinn. Þegar við hjálpum til erum við líka að æfa okkur og undirbúa fyrir framtíðina og verkefnið sem bíða okkar. Í dag fáum við að fylgjast með Azra búa til bosníska kartöfluböku.

Umræðupunktur

- Eruð þið dugleg að hjálpa til heima hjá ykkur? Hvað gerið þið?
- Er mikilvægt að hjálpa til heima hjá sér? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Hvers vegna er gott fyrir fullorðna fólkið að fá aðstoð heima?
- Börn mega ekki vinna svo mikið að þau geti ekki gengið í skóla. Af hverju er menntun svona mikilvæg?
- Hvað lærum við í skólanum?



Stafarugl dagsins:

Hvað bjó Azra til í myndbandi dagsins?

Bókstafur 5 fer í reit nr. 1

Bókstafur 6 fer í reit nr. 8

7. desember



Hús Elinu

Nú eru liðin 17 ár frá því að stór jarðskjálfti sem átti upptök sín í Indlandshafi reið yfir með gífurlegum afleiðingum. Skjálftinn kom af stað tsunami flóðbylgju sem olli hrikalegri eyðileggingu þegar hún skall á land. Margir létu lífið og mörg börn misstu foreldra sína. Ein af þeim sem vildi hjálpa var Elina, ung stelpa frá Bergen í Noregi. Elina barðist við alvarlegan sjúkdóm sem hún vissi ekki hvort hún myndi sigrast á. Hún ákvað að safna eins miklum pening og hún gæti til að hægt væri að byggja hús í SOS barnaþorpi á Indlandi fyrir börn sem misst höfðu foreldra sína í kjölfarið af flóðbylgjunni.

Umræðupunktur

- Hefur eitthvert ykkar heyrt um tsunamibylgjuna árið 2004?
- Verkefni Elinu var einstakt en á sama tíma sýnir það hversu miklu börn geta áorkað. Þekkið þið fleiri dæmi um unga einstaklinga sem hafa gert eitthvað fyrir aðra eða heiminn? (Selt kökur/bollur til styrktar góðu málefni, barist gegn einelti eða eitthvað annað? Greta Thunberg).
- Foreldrar Elinu og bróðir hennar sakna hennar enn mjög mikið. Haldið þið að þau séu stolt af því sem hún gerði?
- Þarf maður að gera eitthvað svona stórt til að skipta máli fyrir aðra? (Nei, það er líka mikilvægt að vera góður vinur, hjálpa einhverjum eða sýna einhverjum að þér þykir vænt um viðkomandi).



Stafarugl dagsins:

Í hvaða landi var hús Elinu byggt?
Bókstafur 1 fer í reit nr. 14

8. desember



Þegar foreldrar þurfa að vinna mikið

Margir foreldrar þurfa að vinna mikið til að geta séð fyrir börnum sínum. Í mörgum löndum er vinnudagurinn lengri en hann er hér á Íslandi og ekki óvanalegt að fólk vinni meira en tíu tíma á dag og fái jafnvel ekki sumarfrí.

Þegar foreldrar þurfa að vinna svona mikið, eru þeir minna með börnum sínum. Það finnst Thao, sem þið kynnist í myndbandi dagsins, leiðinlegt. Mamma hans er sjaldan heima. Hún hefur þurft að vinna mikið eftir að pabbi hans lést. Hún hjálpar til við landbúnað í mörgum sveitum og þarf því stundum að fara langt til að vinna. Börnin hjálpa til þegar þau geta og það er gott fyrir mömmu þeirra. Hins vegar er mikilvægt að foreldrar muni að börn hafa rétt á að fara í skóla og þau eiga ekki að vinna í stað þess að vera í skóla.

Umræðupunktar:

- Finnst ykkur foreldrar ykkar vinna of mikið?
- Mynduð þið vilja að foreldrar ykkar hefðu meiri tíma til að gera eitthvað með ykkur?
- Hvað finnst ykkur gaman að gera með foreldrum ykkar?
- Mamma hans Thao vinnur mikið. Hvers vegna haldið þið að hún geri það?



Stafarugl dagsins:

Hvað heitir strákurinn í myndbandi dagsins?

Bókstafur 2 fer í reit nr. 6

Bókstafur 3 fer í reit nr. 7

9. desember



Mariella

Það getur verið erfitt að vera án foreldra sinna. Mariella frá Perú veit allt um það. Hún getur nefnilega ekki hitt foreldra sína alltaf þegar hún vill því báðir foreldrar hennar eru í fangelsi. Á meðan foreldrar hennar eru í fangelsi býr Mariella hjá SOS mömmu sinni Elsu. Hún fær reglulega að heimsækja foreldra sína og í dag er hún einmitt að fara í slíka heimsókn ásamt fleiri börnum úr barnaþorpinu.

Eitt af hverjum fjórum börnum sem búa í barnaþorpinu hennar Mariellu, búa þar vegna þess að foreldrar þeirra eru í fangelsi. Börn í Perú sem eiga foreldra í fangelsi eru fimm sinnum líklegri að lenda sjálf í fangelsi þegar þau verða eldri. En SOS Barnaþorpin eru í samstarfi við fangelsin til að börnin geti fengið að halda sambandi við foreldra sína á meðan þeir eru í fangelsinu.

Umræðupunktur:

- Hvernig haldið þið að Mariellu líði að búa ekki með foreldrum sínum?
- Saknið þið einhvers sem þið getið ekki hitt alltaf þegar ykkur langar?
- Hvað getum við gert þegar við söknum einhvers?



Stafarugl dagsins:

Í hvaða landi býr Mariella?
Bókstafur 3 fer í reit nr. 4

10. desember



Carrot

Fyrir flesta foreldra er það besta stund ævinnar þegar þeir halda á nýfæddu barni sínu í fyrsta sinn. En fyrir aðra fylgir því mikill kvíði þar sem þeir vita ekki hvernig þeir eiga að sjá fyrir barninu. Sumir foreldrar eru mjög fátækir. Sumar mæður eru bara börn sjálfar og sumar eru veikar og vita að þær geta ekki séð um barnið. Í slíkum aðstæðum gefa mæðurnar oft börnin frá sér vegna þess að þær sjá ekki annan kost í stöðunni. Þær trúa því og vona að börnin eigi möguleika á betra lífi annars staðar.

Þegar barn finnst yfirgefið er alltaf reynt að hafa uppi á foreldrum þess eða öðrum nánum ættingjum. Ef það gengur ekki, verður barnið að fá annað heimili, t.d. í SOS Barnaþorpi.

Umræðupunktur

- Hafið þið hugsað um af hverju móðir myndi yfirgefa barnið sitt?
- Haldið þið að þetta gæti gerst á Íslandi?
- Hvað haldið þið að gerist ef móðir getur alls ekki séð um barn sem hún fæðir? Fær hún hjálp?
- Hvað hefði orðið um litla barnið í myndbandinu ef það hefði ekki fengið nýtt heimili í barnaþorpinu?
- Hvaða aðrar lausnir eru fyrir börn sem ekki eiga einhverja að sem geta hugsað um þau?



Stafarugl dagsins:

Hvað myndi Carrot kallast á íslensku?
Bókstafur 6 fer í reit nr. 13

13. desember



Að tilheyra

Í dag kynnumst við Sushmitu, 14 ára stelpu, sem býr í SOS Barnaþorpi í Nepal. Þar hefur hún búið síðan hún var sex ára. Sushmita og litli bróðir hennar fluttu í þorpið eftir að foreldrar þeirra létust og enginn annar ættingi var í aðstöðu til að sjá fyrir þeim.

Sushmitu fannst mjög erfitt að vera á nýjum stað hjá nýrri fjölskyldu. Hún saknaði foreldra sinna mikið. En smám saman aðlagðist hún og kynntist SOS mömmu sinni og systkinum. Þegar það gerðist fannst Sushmitu hún tilheyra fjölskyldunni. Þegar manni finnst maður tilheyra einhverju líður manni betur, hvort sem það er að tilheyra vinahópi, í tómstundum eða í skóla.

Sushmitu finnst mjög skemmtilegt að búa til mómósur með fjölskyldunni sinni. Og svo eru þær líka svo góðar.

Umræðupunktur

- Hvers vegna er mikilvægt að tilheyra einhverju? (fjölskyldu, vinahópi, öðrum hópum)
- Hverju tilheyrið þið?
- Hvað finnst ykkur skemmtilegast að gera með fjölskyldunni ykkar?
- Hver er uppáhalds maturinn ykkar?
- Hvaða rétt finnst ykkur skemmtilegt að elda/baka?



Stafarugl dagsins:

Hvað heitir stelpa sem við heimsóttum í dag?

Bókstafur 1 fer í reit nr. 9

Bókstafur 2 fer í reit nr. 11

14. desember



Dýrmæt vinátta

Í 31. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna stendur að öll börn eigi rétt á hvíld, leik, tómstundum og að taka þátt í menningarlífi. Þessi réttindi fjalla aðallega bara um að barn hafi rétt á að vera barn. Barn sem vinnur allan daginn hefur engan tíma til að leika sér. Barn sem fær of lítið að borða hefur ekki orku til að leika sér. Barn sem elst upp eitt, án foreldraumsjár eða við mikla fátækt, á ekki leikföng. Það er mikilvægt fyrir þroska barna og heila þeirra að þau hafi einhvern sem gætir þeirra en það er líka mikilvægt að börn fái að hreyfa sig og leika sér. Þið munið kannski einhver eftir Maju frá því í dagatalinu í fyrra. Í frítíma sínum elskar Maja að dansa. Það finnst bestu vinkonu hennar, Pamelu, líka skemmtilegt að gera. Stelpurnar tvær eru nágroannar og þegar þær eru ekki að dansa finnst þeim gaman að leika sér saman.

Umræðupunktur:

- Hvað finnst ykkur skemmtilegt að leika með?
- Hvaða leiki finnst ykkur skemmtilegt að fara í með öðrum? En ef þið eruð bara ein?
- Hvers vegna er mikilvægt að hafa einhvern til að leika við?
- Er mikilvægt að eiga marga vini, eða er kannski gott að eiga einn mjög góðan vin?
- Þarf maður bara að leika við vini sína eða getur maður líka leikið við systkini, foreldra, ömmu og afa eða einhvern annan?
- Notið þið allt dótið sem þið eigið heima? Hvað þarf maður eiginlega að eiga mikið af dóti?
- Hvað getum við gert við dótið sem við erum hætt að nota? (selt það, gefið einhverjum...)
- Takið þið þátt í einhverjum tómstundum? Hvaða tómstundum?
- Sum börn geta kannski ekki tekið þátt í tómstundum því það kostar svo mikið. Hvað finnst ykkur um það? Hvað væri hægt að gera til þess að öll börn hafi kost á því að vera með vinum sínum í tómstundum?



Stafarugl dagsins:

Hvað heitir besta vinkona Maju?
Bókstafur 3 fer í reit nr. 10

15. desember



Laurita

Börn eru algjörlega háð því að einhver annist þau fyrstu árin í lífi þeirra. Nýfætt barn getur ekki borðað eða drukkið án þess að einhver gefi því. Það klæðir sig ekki sjálft og getur ekki forðast hættur eða komið sér á milli staða. Eftir því sem við eldumst náum við færni á fleiri og fleiri sviðum. Ungabarn sem hefur engan til að annast sig hefur ekki mikla möguleika á að lifa af.

Í dag ætlum við að heimsækja Bólívíu en þar hittum við Lauritu sem hefur búið í SOS Barnaþorpi nánast allt sitt líf. Það var umhyggjusamur einstaklingur sem lét SOS Barnaþorpin vita að enginn væri að annast Lauritu. Við komuna í barnaþorpið fékk Laurita tækifæri á nýju upphafi. Hún eignaðist umhyggjusama móður og hóp systkina sem gátu ekki beðið eftir því að knúsa hana og kyssa.

Umræðupunktur

- Hvað þýðir það að eiga öruggt heimili?
- Hvers þarfnast börn þegar þau eru nýfædd?
- Eigið þið yngri systkini?
- Hafið þið séð nýfætt barn?
- Hvað getum við gert ef við vitum af barni sem hefur það ekki nógu gott? (Það má alltaf hringja í 112).



Stafarugl dagsins:

Í hvaða landi býr Laurita?
Bókstafur 3 fer í reit nr. 2

16. desember



SOS mamma í 40 ár

Í dag ætlum við aðeins að kíkja á bak við tjöldin. Við fáum að hitta Chandra Kala sem hefur starfað sem SOS mamma í 40 ár. Á þeim tíma hefur hún alið upp 35 börn. Þó það séu líka til SOS pabbar þá eru mömmurnar enn í miklum meirihluta. Hlutverk SOS móður er að annast þau börn sem til hennar koma, veita þeim stuðning, ást og umhyggju og ala þau upp eins og þau væru hennar eigin börn. Til að gerast SOS mamma þarf fyrst að fara í gegnum mikið umsóknarferli og svo í gegnum tveggja ára nám hjá SOS Barnaþorpunum þar sem farið er í gegnum undirstöðuatriði uppeldis, heimilisbókhalds, hreinlætis, næringarfræði og annarra þátta sem skipta máli við rekstur heimilis og uppeldi barna.

Kíkjum til Nepal og hittum Chandra Kala.

Umræðupunktur:

- Hvernig haldið þið að það sé að ala upp 35 börn?
- Chandra Kala segir að lykillinn að því að vera góð mamma sé að vera hreinskilin, umhyggjusöm og kærleiksrík. Hvaða eiginleika finnst ykkur gott foreldri þurfa að hafa?
- Á Íslandi þykir okkur sjálfsagt að mömmur jafnt sem pabbar sinni uppeldi barna. Sum lönd eru ekki komin jafn langt á leið í jafnréttisbaráttunni. Hvað finnst ykkur um það?



Stafarugl dagsins:

Hvað heitir SOS mamman í myndbandinu?
Bókstafur 5 fer í reit nr. 15



Öll börn þarfnast umönnunar

Á hverri mínútu fæðast um 260 börn í heiminum. Þau fæðast í mismunandi löndum, inn í ólíka menningarheima og í ólíkar fjölskyldur. En það skiptir ekki máli hvar í heiminum börn fæðast, þau eiga alltaf sömu réttindi. Þrátt fyrir að öll börn fæðist með sömu getu og hæfileika til að blómstra fá ekki öll börn sömu tækifæri til að vaxa og þroskast. Það eru of mörg börn í heiminum sem þurfa að sjá fyrir sér sjálf.

Umræðupunktur:

- Hvað er það besta við að eiga fjölskyldu?
- Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt sérstakan barnasáttmála með réttindum sem gilda fyrir öll börn um allan heim. Hafið þið heyrt af þessum sáttmála? Þekkið þið einhver réttindi?
- Börn hafa sömu réttindi en réttindi þeirra er ekki alls staðar virt. Hvað finnst ykkur um það? Haldið þið að Ísland virði öll réttindi barna?
- Hafið þið heyrt um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna? Vitið þið hvað það er? (Sameiginleg vinnuáætlun til að uppræta fátækt, berjast gegn ójöfnuði og stöðva loftslagsbreytingar fyrir árið 2030).
- Eitt af málefnum sem tekið er fyrir í heimsmarkmiðunum er menntun fyrir alla. Hvers vegna ætli það sé svona mikilvægt að allir fái menntun?

STAFARUGL ÖÐRUVÍSI JÓLADAGATALS SOS BARNAPORPANNA 2021

--	--	--

1 2 2

--	--	--	--

3 1 4 5

--	--	--	--

6 7 8 7

--	--	--	--

9 1 10 11

--	--	--	--	--	--	--	--

4 12 13 13 14 5 15 14

Öðruvísi
Jóladagatal
-Sælla er að gefa en þiggja

Sendið lausnina á hjordis@sos.is í síðasta lagi 16. desember.

Dregið verður úr réttum lausnum föstudaginn 17. desember